

- 4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars**
- Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars**
- Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar**
- Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars**
- Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars**
- Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars**
- Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars**
- Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars**

Forseti: Tekinn er fyrir fjórði liður á dagskrá þessa fundar sem er fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars, þar þarf að bæta við og ég lít svo á að það sé samþykkt ef enginn hreyfir andmælum, það þarf að bæta við í 3. lið þeirrar fundargerðar: Lagt fram bréf Sigrúnar Elsu Smáradóttur borgarfulltrúa. Enginn hreyfir andmælum við því og þá er því bætt inn í fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars. Síðan er hér líka til umræðu fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars, fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars, fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars, fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars, fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars og fundargerð velferðarráðs frá 12. mars. Óskað hefur eftir að taka til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

- 4. mál.** Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars
Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars
Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars
Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars
Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Dofri Hermannsson: Forseti, háttvirtir borgarfulltrúar. Ég tek hér til máls undir þessum lið til þess að ræða fundargerð umhverfis- og samgönguráðs en ástæða þess er að í lok fundar bar minnihlutinn upp fyrirspurn. Kveikjan að fyrirspurninni var erindi frá umhverfissviði um svifryk í borginni og leiðir til að sporna við því. Eins og borgarfulltrúar þekkja var í fyrra mikið rætt um leiðir til að draga úr svifryksmengun og þáverandi minnihluti tók virkan þátt í að móta tillögur þar að lútandi. En fyrirspurn minnihlutans að þessu sinni var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Að mati umhverfissviðs er helsta ráðið til að draga úr svifryksmengun að:

- Draga úr umferðarhraða
- Að minnka bílaumferð
- Að loka götum tímabundið þegar mengunargildi eru há
- Að taka toll til að minnka umferð inn í ákveðna bæjarhluta
- Að takmarka þungaumferð
- Að skilgreina svæði þar sem bílar sem menga mikið eru bannaðir
- Að takmarka notkun nagladekkja

Því spyr minnihlutinn í umhverfis- og samgönguráði, telur meiri hluti umhverfis- og samgönguráðs:

- að draga ætti frekar úr umferðarhraða á stofnbrautum?
- að takmarka ætti þungaumferð um borgina?
- að loka ætti götum tímabundið þegar búast má við mikilli svifryksmengun?
- að til greina komi að taka toll af umferð inn í ákveðna borgarhluta?
- að skilgreina eigi svæði þar sem bannað væri að fara um á bílum sem menga mikið?
- að setja ætti gjald á notkun nagladekkja?

Skriflegt svar óskast.“

Minnihlutinn bjóst svo sem bara við skriflegu svari á næsta fundi en af því að formaður umhverfis- og samgönguráðs er einstaklega röskur maður þá vatt hann sér í að svara þessu á staðnum. Þó var sá galli kannski á því og það vil ég spyrja

aðra borgarfulltrúa og borgarstjóra út í, að flestir voru farnir af fundi þegar formaður skrifaði niður sitt svar. En svar hans var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Minnihluti umhverfis- og samgönguráðs kann að telja það raunhæfan kost að hefja aukna skattheimtu af bílum, loka umferðargötum og setja upptollheimtuhlið við innkeyrslur í hverfi borgarinnar. Það er hins vegar ekki skoðun núverandi meirihluta umhverfis- og samgönguráðs. Ekki stendur heldur til að banna tilteknum bílategundum eða árgerðum akstur um ákveðin svæði. Í grænum skrefum í Reykjavík voru lagðar fram metnaðarfullar aðgerðir til að hvetja til umhverfisvænna samgangna og aukinna lífsgæða fyrir borgarbúa, meðal annars með því að stuðla að auknum loftgæðum. Flestum þeirra hefur þegar verið hrint í framkvæmd með afar góðum árangri. Fullir strætóar, visthæfir bílar og minnkandi notkun nagladekkja eru meðal þess sem vitna um góðan árangur af grænu skrefunum. Áfram verður haldið á þeirri leið að bjóða upp á góða valkosti til að ferðast vistvænt um borgina og menga minna.“

Þetta fannst minnihlutanum að vísu snöfurmannalega svarað en okkur fannst þó að það væri svona dálítill hvatvísir í þessu svari og þessi fyrirspurn hefði ef til vill verðskuldað að formaður umhverfis- og samgönguráðs talaði við aðra borgarfulltrúa og fulltrúa samstarfsflokksins eða listans, áður en allar þessar spurningar væru hreinlega slegnar út af borðinu. Því bókaði minnihlutinn á þennan hátt:

„Minnihlutinn í umhverfis- og samgönguráði þakkar skjót svör við fyrirspurn um hvort meirihlutinn hyggist fara eftir hugmyndum umhverfissviðs um ráð við svifryksvandann í borginni. Með svari sínu útilokar meirihlutinn í raun að farið verði að mörgum helstu ráðum umhverfissviðsins. Þótt minnihlutinn hafi ekki gefið út neitt um stefnu sína gagnvart þessum tilteknu hugmyndum telur hann óþarft að hafna þeim með svo afgerandi hætti án frekari skoðunar. Minnihlutinn er tilbúinn að taka góða og upplýsta umræðu um hugmyndir umhverfissviðs og líta þá einnig til þess sem best hefur gefist í nágrannalöndum okkar.“

Án þess að rekja þetta bókunarferli frekar þá vil ég beina þeirri spurningu til annarra borgarfulltrúa meirihlutans og borgarstjóra sem þá fulltrúa F-lista í umhverfis- og samgönguráði, þó ég viti vel að hann sé ekki í umhverfis- og samgönguráði en hann er eini viðstaddi borgarfulltrúinn úr F-lista, af eðlilegum ástæðum, því vil ég beina þeirri spurningu til borgarstjóra hvort borgarstjóri sé sammála formanni umhverfis- og samgönguráðs um að þessar tillögur umhverfissviðs um leiðir til að sporna við svifryksvandann verðskuldi umræðu

Bstj. 18. mars 2008

eða hvort að það eigi bara án frekari umræðu að kasta því út í hafsauga. Ég myndi mjög gjarnan vilja heyra í öðrum fulltrúum meirihlutans um þetta mál líka.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Dofra Hermannssyni fyrir að gera þetta að umtalsefni. Átti hreinlega ekki von á því en það gladdi mig að hann skyldi gera það. Hér er nefnilega gert að umtalsefni mál sem er mjög mikilvægt og ég tel að sá meirihluti sem að nú fer með völdin hér í borginni geti svona verið nokkuð stoltur af því sem að hann er að gera í þessum efnum. Það er hins vegar stóra fréttin í þessu er auðvitað að minnihlutinn í borginni skuli ekki útiloka það að ef hann komist til valda þá verði sett upp hér tollhlið þar sem að menn þurfa að borga fyrir það að keyra um ákveðnar götur, hann skuli ekki vilja útiloka það að jeppar séu bannaðir frá ákveðnum hverfum borgarinnar, eins og kemur fram hér í tillögunum og kemur fram í bókun, með leyfi forseta, að minnihlutinn telji óþarfi að hafna þessum hugmyndum. Það kann að vera að borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hafi ekki tekið eftir því en það hefur heilmikil umræða farið fram um aðgerðir gegn svifryki, m.a. hér í sölum borgarstjórnar. Mjög mikil umræða. Meðal annars um þær tillögur sem hér koma fram. Það er ekki nýtt að það að draga úr bílaumferð dragi úr svifryksmengun. Mikil umræða hefur átt sér stað um það.

Það er saga til næsta bæjar að minnihlutanum þyki meirihlutinn vera fljótur að svara fyrirspurnum. Hvað er mátulegur tími til að svara fyrirspurnum? Ég held einmitt að það hafi verið mjög gott að þessari fyrirspurn var svarað strax og meirihlutinn í borginni hafi þar svarað því með afgerandi hætti að við munum fylgja áfram eftir Grænu skrefunum sem miða að því að stuðla að auknum vistvænum samgöngum, draga úr svifryksmengun í borginni, auka loftgæði fólksins í borginni með þeim jákvæðu aðferðum sem við höfum kynnt. Þetta kom skýrt fram í ræðu borgarstjóra þegar hann kynnti þriggja ára áætlun. Allt það sem kemur fram í okkar svörum hér er algjörlega í anda þess sem kynnt var þegar við ræddum um þriggja ára áætlun og á ágætum blaðamannafundi borgarstjóra fyrir þá

umræðu. Það var nákvæmlega þetta sem kom þar fram. Ástæðan fyrir því að við tölum einum rómi í þessu máli er sú að við höfum rætt þetta í okkar hópi, ég hef rætt þetta við borgarstjóra og það gengur ekki á milli okkar hnífurinn þegar kemur að þessum málum.

Það er hins vegar gott að halda því til haga hér að þær hugmyndir sem settar voru fram og voru alls ekki tillögur umhverfissviðs, þó svo að Dofri Hermannsson borgarfulltrúi láti það í veðri vaka, þá er það alls ekki þannig að það hafi verið tillögur umhverfissviðs að ráðist yrði strax út í þetta. Það eru pólitískar ákvarðanir. Grænu skrefin byggja á mikilli og góðri vinnu starfsmanna umhverfissviðs og í fullri sátt og samráði við þá ágætu starfsmenn sem þar eru. En ef að minnihlutinn er á því að það eigi að setja upp, svo ég vísi nú bara beint í þetta, tollhlið inn í ákveðna bæjarhluta, þá væri gott að vita t.d. hvaða hverfi það eru sem fengju slík hlið þannig að menn yrðu að borga sig þangað inn, hvaða svæði það yrðu nákvæmlega sem að ágætir borgarbúar sem eru á jeppum mættu ekki keyra inn í af því jepparnir menga jú mikið, sem er ein af þessum tillögum. Það væri fínt að bara fá útlistun á því nákvæmlega hvernig minnihlutinn sér þetta fyrir sér vegna þess að þessum tillögum höfnum við að svo stöddu. Það getur vel verið að borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefði viljað að við hefðum aðeins leyft þeim að lifa lengur en það er eindregin skoðun okkar að þetta séu ekki aðgerðir sem við viljum fara út í núna. Það er innan við eitt ár síðan Grænu skrefin voru kynnt. Þau verða unnin áfram. Það næst ekki afgerandi sigur í umhverfismálum á einu ári, eins og allir vita, þetta tekur langan tíma. Jafnvel þó svo að mjög mikilvægir áfangasigrar hafi náðst í umhverfismálum í borginni síðan Grænu skrefin voru kynnt, þá ætlum við að gefa þeim meiri tíma með þeim jákvæðu aðgerðum sem þar er beitt, en ekki fara út að það að banna jeppa í tilteknum hverfum eða setja tollhlið út um alla borg eða aðrar þær tillögur sem minnihlutinn er ekki tilbúinn til þess að hafna.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég tek undir þau svör sem formaður umhverfis- og samgönguráðs hefur hér lagt fram og þakka fyrir að það sé vakin athygli á stóráuknum aðgerðum núverandi meirihluta til að draga úr svifryksmengun í borginni með því að efla verulega hlut vistvænna samgangna í borginni, hvort sem um er að ræða almenningssamgöngur, hjólreiðar eða möguleikann á að komast gangandi leiðar sinnar í þessari borg. Þannig að hér er verið að vekja athygli á þessu þungavigtaratriði í þriggja ára áætlun sem nýlega var lögð fram sem einmitt kemur til móts við þessi sjónarmið, að stórefla vistvænar samgöngur og draga úr svifryksmengun í borginni.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Dofri Hermannsson: Forseti, borgarfulltrúar. Mér þykir nú leiðinlegt ef þessi umræða á að snúast upp í eitthvað Morfís-karp því að það var ekki tilgangurinn með þessari fyrirspurn. Það komu fram mjög athyglisverðar ábendingar frá umhverfissviði um aðgerðir sem þyrfti að skoða nánar. Við komum einfaldlega með fyrirspurn um það hvort að meirihlutinn í umhverfis- og samgönguráði sæi ástæðu til að fara út í slíkar aðgerðir og vorum þar með að kalla eftir einhverri pólitískri umræðu. Sú pólitíska umræða má greinilega ekki fara fram. Ég sé ekki betur en formaður umhverfis- og samgönguráðs sé dauðhræddur við þessa pólitísku umræðu. Í rauninni sé ég að einu grænu skrefin hans liggja núna á harðahlaupum frá þessari umræðu. Það sér undir grænar iljarnar á borgarfulltrúa. Af hverju má ekki ræða hugmyndir umhverfis- og samgöngusviðs um það t.d. hvernig er hægt að takmarka bílaumferð, hvort það á að loka götum tímabundið á meðan mengunargildi eru há, hvort að eigi að takmarka þungaumferð? Eins og borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson veit ósköp vel þá er langmesta svifryksmengunin af völdum þungaumferðar. Það eru til umhverfisvænir jeppar og það eru til umhverfisfjandsamlegir jeppar.

Bara í fylltu einlægni sagt þá hefur minnihlutinn aldrei sagt neitt um tollhlið eða að hann vilji banna jeppa í ákveðnum hverfum borgarinnar. Hins vegar virðist formaður umhverfis- og samgönguráðs vilja banna umræðuna og það vekur furðu mína að formaðurinn skuli ekki hafa kjark til þess að takast á við þessa umræðu, það megi bara ekki ræða þetta. Ég bara vek athygli bæði borgarstjóra og formanns umhverfis- og samgönguráðs á því að við erum hér að tala um heilbrigði og heilsu, sérstaklega kannski barnanna okkar í borginni, en líka alls almennings sem kýs að ganga um í heilbrigðu umhverfi. Má þá ekki ræða það hvort að það ætti að takmarka umferð með einhverju móti hérna? Er það svo stórhættulegt pólitískt mál

Bstj. 18. mars 2008

að það megi bara ekki ræða það? Þarf að vera með einhvern skæting og reyna að gera minnihlutanum upp einhverjar skoðanir um að hann vilji setja hér upp tollhlið inn í einhver hverfi borgarinnar? Mér finnst þetta algjör óþarfi. Ég vona bara að borgarfulltrúinn sjái að sér og jafnvel bara hafi þann kjark að taka upp þessa umræðu í umhverfis- og samgönguráði.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég veit ekki hvað borgarfulltrúi Dofri Hermannsson á við með því að ég vilji ekki ræða þetta mál. Er það af því ég svaraði fyrirspurninni á fundinum? Er það ekki þannig sem við viljum hafa vinnubrögðin að þegar koma fyrirspurnum þá er þeim svarað? Þýðir það að maður vilji ekki umræðu af því að maður svarar fyrirspurnum? Er meiri umræða ef maður svarar ekki fyrirspurnum eða svarar þeim eitthvað seinna? Það fór fram umræða á fundinum, það fer fram umræða hér. Ég er tilbúinn í alla þá umræðu sem borgarfulltrúinn hefur lyst á um þetta mál. Hvernig getur borgarfulltrúinn talið að það sé gott fyrir umræðuna að fyrirspurnum sé ekki svarað? Eða með hvaða öðrum hætti hafnaði ég því að taka þessa umræðu? Ég bara skil ekki hvað borgarfulltrúinn er að fara, virðulegi forseti. Ég sé að forseti áttar sig ekki á því heldur.

Það kemur fyrirspurn á fundi umhverfis- og samgönguráðs frá minnihlutanum, formaður svarar fyrirspurninni, það er hér inn í fundargerð, þar er málið tekið upp, formaður umhverfis- og samgönguráðs kemur upp, tekur þátt í umræðunni og er svo sakaður um að vilja ekki taka umræðuna. Hann er búinn að svara skriflega öllum þeim fyrirspurnum sem komu fram. Þar fyrir utan hefur þessi sami formaður tekið langa umræðu þegar borgarfulltrúi Dofri Hermannsson var að vísu ekki í ráðinu, nákvæmlega um það með hvaða hætti er best að sporna við svifryksmengun í borginni. Það var síðan rætt á opnum fundum hér út í hverfum borgarinnar, en þetta gerðist að vísu, hygg ég, áður en borgarfulltrúinn kom inn í ráðið, án þess að ég sé þó alveg 100% á því. Þar fyrir utan hefur þessi sami formaður umhverfis- og samgönguráðs, ásamt sínum meirihlutum tveimur hér í borginni, unnið ötullega að grænu skrefunum þar sem eitt þeirra er nákvæmlega það að auka loftgæði í borginni, þar sem sérstaklega er komið inn á svifryksmálin. Þessi borgarfulltrúi getur verið sakaður um margt en ekki það að vilja ekki ræða

Bstj. 18. mars 2008

Þessi mál, annað hvort hér eða annars staðar. Samt kemur borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hérna upp og sakar mig um að annað hvort vilja ekki eða þora ekki að taka umræðu um þetta. Ég veit ekki hvernig borgarfulltrúinn vildi að ég hefði öðruvísi brugðist við en að svara fyrirspurninni og koma síðan hingað upp og ræða þetta. Við getum verið ósammála um þessi mál en ég vil ekki að ég sé sakaður um að vilja ekki ræða þetta með því að ég svari fyrirspurninni. Mér heyrir helst á borgarfulltrúanum að það renni honum til rifja að ég skuli hafa svarað fyrirspurninni.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúans borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Dofri Hermannsson veitir andsvar: Forseti, borgarstjórn. Ég ætla svo sem ekki að neita því að formaður umhverfis- og samgönguráðs svaraði fyrirspurninni en hann tók ekki umræðuna. Hann forðast umræðuna eins og heitan eldinn. Spurt var – „Því spyr minnihlutinn í umhverfis- og samgönguráði, telur meiri hluti umhverfis- og samgönguráðs að draga ætti frekar úr umferðarhraða á stofnbrautum? Að takmarka ætti þungaumferð um borgina? Að loka ætti götum tímabundið?“ Það er alveg rétt, formaðurinn svarar, hann segir bara nei. Nei við öllu saman. Vill ekki ræða það.

Annað sem er gagnrýnivert og það er að formaður umhverfis- og samgönguráðs skyldi ekki hafa borið þetta undir sína félagi í millitíðinni, því að mér segir svo hugur að t.d. fulltrúi F-listans í umhverfis- og samgönguráði hafi aðeins aðra skoðun á þessu, að það megi ræða það hvort að það ætti að loka götum tímabundið þegar búast má við mikilli svifryksmengun, að það komi til greina að setja takmörk við umferð þungaflutningabifreiða um borgina. Þannig að mér finnst út í hött að segja að formaðurinn sé ekki á flótta undan umræðunni þegar hann segir einfaldlega nei við öllum þessum spurningum, án þess að þær séu ræddar nokkuð frekar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Gísli Marteinn Baldursson svarar andsvari: Virðulegi forseti. Ég veit ekki hversu lengi Dofri Hermannsson ætlar að halda því fram hér áfram að ég vilji ekki taka umræðuna um þetta. Það er algjörlega fráleit skoðun. Borgarfulltrúinn hefði geta sett þetta mál á dagskrá á fundi umhverfis- og samgönguráðs og við hefðum geta rætt þetta þar alveg í klukkutíma, það hefði ekki verið neitt vandamál. En borgarfulltrúinn spurði spurninga og þá kemur svar við þeim. Svarið var ekki: Við viljum ekki ræða þetta. Svarið var efnislegt við þeim atriðum sem þar komu fram. Eins og ég benti á í minni fyrstu ræðu þá er auðvitað það sem er athyglisverðast í þessu það að minnihlutinn skuli – og það vissi ég ekki hingað til og ég er ekki viss um að það sé einhugur um það í minnihlutunum, ég held t.d. að borgarfulltrúi Óskar Bergsson sé ekki þessarar skoðunar, hann leiðréttir mig þá ef það er ekki, ég held að hann sé t.d. ekki endilega „svag“ fyrir því að við bönnum umferð jeppa í tilteknum hverfum af því þeir mengi of mikið. Ég er ekki viss um að hann sé t.d. til í það heldur að það sé tollhlið inn í Breiðholtið, svo ég taki dæmi, þannig að menn þurfi að borga sig þangað inn, eins og hérna kemur fram. Ég tek Breiðholtið sem dæmi af handahófi. Það er inn í ákveðin hverfi eða ákveðnar götur. Þetta eru ekki hugmyndir sem er pólitískur vilji fyrir í borginni og þegar þeirra er spurt þá er eins gott að svara því bara heiðarlega strax. Það er það sem ég gerði. Í því felst ekki nein yfirlýsing um það að ég vilji ekki ræða þessa hluti. Við skulum ekki tala þannig með þessum hætti hér.

Borgarfulltrúanum er frjálst að setja þetta á dagskrá næsta borgarstjórnarfundar og ég skal taka langa umræðu um þetta, eins og við höfum áður gert hér um aðgerðir gegn svifryksmengun. Það er sjálfsagt að við gerum það en ekki saka borgarfulltrúa um það, borgarfulltrúi Dofri Hermannsson, að vilja ekki taka umræðuna þegar þeir hafa gert nákvæmlega það sem góð vinnubrögð kveða á um.

Bstj. 18. mars 2008

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur svarað andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Dofri Hermannsson veitir andsvar öðru sinni: Forseti, borgarstjórn. Mér finnst mínum ágæta formanni umhverfis- og samgönguráðs býsna brugðið. Mér finnst hann hafa sett dálítið niður sem ágætur formaður en eins og borgarstjórn veit þá hef ég hælt þessum manni á hvert reipi fyrir röggsemi í sambandi við Grænu skrefin sem að vísu náttúrulega byggðu öll á þeirri vinnu sem hafði verið unnin áður og samstöðu minnihlutans með meirihlutanum. En að formaðurinn komi hér aftur og aftur upp og fullyrði að minnihlutinn vilji banna jeppa sem er hvergi minnst á í fyrirspurninni eða nokkrum svörum, eða formaðurinn haldi því fram að minnihlutinn vilji reisa tollhlið við Breiðholtið – þetta er alveg með ólíkindum og það sýnir eiginlega á hve iðjagrænum harðahlaupum formaðurinn er frá þessu umræðuefni. Það skil ég reyndar ekki af því mér finnst þetta bara vera eins og hvert annað pólitískt úrlausnarefni sem við þurfum að ræða. Eins og ég sagði áðan, ég skal bara endurtaka það, þá kom fram í bókun minnihlutans: „Þótt minnihlutinn hafi ekki gefið út neitt um stefnu sína gagnvart þessum tilteknu hugmyndum telur hann óþarft að hafna þeim með svo afgerandi hætti án frekari skoðunar.“ Nú vil ég biðja formanninn að halda athyglinni alveg til enda, ég vona að hann hafi haldið athyglinni alveg til enda setningarinnar, ég get lánað honum þetta á blaði líka, en í þessu felst ekkert um stefnu minnihlutans. Það er hins vegar kallað eftir svörum frá meirihlutanum af því meirihlutinn er jú einu sinni við stjórn borgarinnar. Ef að meirihlutinn vill frekar að við komum að stefnumótuninni þá er það alveg sjálfsagt mál og ég skal verða við þeirri bón að hjálpa formanninum við stefnumótun. En ég myndi þá að sjálfsögðu gera það eftir gott samráð og góða opna pólitíska umræðu um málið. En það er velkomið að hjálpa honum við það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Gísli Marteinn Baldursson svarar andsvari öðru sinni: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mér þykir leiðinlegt að vera sakaður um það að vera á harðahlaupum frá Grænu skrefunum, sérstaklega þegar ekkert er nefnt því til stuðnings, ekki nokkur skapaður hlutur. Borgarfulltrúinn sagði hins vegar hér að hann hefði bara verið að kalla eftir svörum. Það var nákvæmlega það sem kom. Mér heyrir hann helst vera að kalla eftir því að það hafi ekki komið svör. Hann er að kalla eftir því að menn hefðu ekki svarað, kalla eftir engum svörum, sem er einkennilegt þegar menn setja umræðuna fram í formi fyrirspurnar, þá hlýtur þeim að vera svarað. Ástæðan fyrir því að ég spyr minnihlutann hver hans skoðun er og bendi hér á það að minnihlutinn vilji ekki svara því neitandi, hvort hann vilji setja upp toll til að minnka umferð inn í ákveðna bæjarhluta, eins og það er orðað, ég tók Breiðholtið sem dæmi, mér finnst það athyglisvert að minnihlutinn skuli ekki vilja svara því neitandi. Það er sjálfsagt að ræða þetta en það er ekkert verra að menn hafi skoðun þegar þeir ræða hlutina. Ég hef þá skoðun að þetta sé ekki vænlegt að gera í Reykjavík núna. Dofri Hermannsson borgarfulltrúi vill ekki svara því hvort að hann telji þetta vænlegt eða ekki. Það er ekki endilega gott fyrir opna pólitíska umræðu að menn hafi ekki skoðun. Við erum með þessa skoðun hér, öll sem eitt, við höfum rætt þetta í okkar hópi og við erum tilbúin til að ræða þetta við ykkur líka en þá væri gott að þið hefðuð skoðun. Þess vegna spyr ég enn og aftur – er minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur sem sagt þeirrar skoðunar að það eigi að taka toll til að minnka umferð inn í ákveðna bæjarhluta, svo ég lesi þetta orðrétt upp. Er hann þeirrar skoðunar að það eigi að draga úr umferðarhraða, loka götum tímabundið þegar mengunargildi eru há, takmarka þungaumferð, skilgreina svæði þar sem bílar sem menga mikið eru bannaðir? Er minnihlutinn í Reykjavík ekki tilbúinn til þess að segja: Nei, þetta er of langt gengið, við ætlum að halda áfram með Grænu skrefin og þá jákvæðu leið sem þar var valin?

Bstj. 18. mars 2008

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá er andsvörum lokið en stutta athugasemd gerir borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Dofri Hermannsson gerir stutta athugasemd: Forseti. Minnihlutinn er þeirrar skoðunar að það sé ekki ástæða til þess að hlaupa frá umræðunni. En til þess að gera þetta bara mjög einfalt þá var einfaldlega kallað eftir afstöðu meirihlutans til þessara mögulegu aðgerða og svarið var nei. Það vantaði ekki að það fékkst svar en spurt er – er formaður umhverfis- og samgönguráðs tilbúinn í umræðu um þessi mál fordómalaust, án þess að tefla fram fyrirfram mótuðum skoðunum, af því að borgarfulltrúinn sagði að við ættum að hafa skoðun á þessu umsvifalaust. Ég frábið mér það. Ég vil umræðu. Ég vil opna og upplýsta umræðu. Ég vil kalla sérfræðinga til. Ég vil kalla eftir reynslu frá öðrum þjóðum. Þá er ég til í að mynda mér skoðun. En ég mæti ekki fyrst með skoðun og hleyp síðan í burtu frá umræðunni.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Forseti vill minna borgarfulltrúa á að þrátt fyrir að Gísli Marteinn Baldursson fái nú heimild til að gera líka stutta athugasemd þá er athugasemdartækið hér í borgarstjórn ekki hugsað sem þriðja andsvar og ég bið borgarfulltrúa um að virða það.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Gísli Marteinn Baldursson gerir stutta athugasemd: Þakka þér fyrir forseti að veita mér þennan rétt hér. Ég tel það einmitt mikilvægt að það komi fram, virðulegi forseti, að þó svo að meirihlutanum í umhverfis- og samgönguráði hafi tekist að svara fyrirspurninni á fundinum, þá þýðir það ekki að það hafi bara verið einhver spuni á staðnum, sem mönnum hafi dottið í hug þá á fundinum. Það vill til að menn eru ekki að heyra hugtakið svifryk í fyrsta skipti þessa dagana. Það vill til að margir hér inni hafa unnið í umhverfis- og samgönguráði og samgöngunefndum lengur heldur en bara síðustu tvær vikurnar. Þess vegna hafa menn kannski farið einhvern tímann áður í gegnum þá pólitísku umræðu sem að Dofri Hermannsson er að kalla eftir. Þess vegna eru menn ekki að mynda sér skoðun á staðnum, eins og borgarfulltrúinn lét að liggja. Þess vegna er það furðulegt en kannski í anda Samfylkingarinnar að því sé sérstaklega haldið gegn mönnum að hafa skoðun á einhverjum málum og það að menn hafi skoðun á málunum sé á einhvern hátt vont fyrir umræðuna. Ég er bara ekki þeirrar skoðunar og en ég lýsi mig reiðubúinn til þess að taka þátt í þessari umræðu hvenær sem er, borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál. Fundargerð forsætisnefndar frá 14. mars

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 10. mars

Fundargerð leikskólaráðs frá 29. febrúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 5. mars

Fundargerðir menntaráðs frá 28. febrúar og 10. mars

Fundargerðir skipulagsráðs frá 5. og 12. mars

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 26. febrúar og 11. mars

Fundargerð velferðarráðs frá 12. mars

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Dofra Hermannssyni fyrir að taka þessa umræðu upp hér á þessum fundi og hvet til þess að henni verði haldið áfram á þessum vettvangi. Þetta eru allt saman góð markmið sem við viljum vinna að sameiginlega en það getur verið að okkur greini á um leiðir. En ég vil vekja athygli á því að það hefur tekist t.d. með auknu eftirliti, eins og kemur fram í fyrsta lið spurningarinnar, að draga úr umferðarhraða á þjóðvegum og stofnbrautum þessa lands, sem betur fer, sem er náttúrulega bæði mikilvægt umhverfisatriði frá öllum sjónarhornum, ekki bara varðandi mengun heldur slyshættu. Þannig að ég fagna þessari umræðu og hvet til þess að henni verði haldið áfram hér í borgarstjórn, ekki síst í formi beinni tillagna og umræðna og þakka fyrir þetta.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og umræðu lokið. Fundi er slitið 18.07.